

FUNDARGERÐ

386. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 20. febrúar 2017 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík. Fyrsti fundur nýrrar stjórnar félagsins.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Guðmundur Gunnarsson, Guðrún Árnadóttir, Helgi Pétursson, Hrafn Magnússon, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Reynir Vilhjálmsson, Sjöfn Ingólfssdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Skipting stjórnar

EBS setti fundinn og bauð menn velkomna og þakkaði fyrir aðalfundinn. Lagði hann til eftirfarandi skiptingu stjórnar sem var samþykkt; Erna varaformaður, Hrafn gjaldkeri og Guðrún ritari.

Sú hefð hefur skapast að varamenn eru boðaðir á stjórnarfundi og svo mun verða áfram. Gæta þarf að röðun varamanna ef til atkvæðagreiðslu og undirskriftar kemur á stj.fundum, en þeirra röð er eftirfarandi: 1. Reynir, 2. Anna Þrúður, 3. Sjöfn.

Samþykkt að fundargerðir verði undirritaðar af stjórn eftir að þær hafa verið bornar upp og samþykktar.

2. Launamál starfsmanna

Lengi hefur staðið til að lagfæra launamál starfsmanna FEB. Fyrri formaður lagði fram ákv. tillögur eftir fundi með varaformanni og gjaldkera með þessum rökum. Launakjör starfsmanna FEB hafa ekki hækkað í átt að því launaskriði sem er í samfélaginu. Eðlilegar launahækkningar hafa þó farið fram. Einnig var núverandi framkv.stjóri ráðinn á lægri launum en forveri hans vegna bágrar fjárhagsstöðu félagsins og langvarandi halla. Nú eru hins vegar aðrir tímar, fjárhagur FEB mun betri og gefst því tækifæri á að fara yfir og endurskoða launamál starfsmanna. Samþykkt að formaður, gjaldkeri auk framkvæmdastjóra gangi frá þessum málum. Komið var inn á umbun til formanns en engin ákvörðun tekin þar um. Fyrrum formaður er á launum út febrúar.

3. Fastir fundartímar stjórnar

Rætt var um að reyna að festa niður fasta fundartíma stjórnar. Fyrir valinu varð annar miðvikudagur hvers mánaðar og skulu fundir hefjast kl. 9.30. Fundað yrði að lágmarki einu sinni í mánaði og oftast ef þurfa þykir. Fram kom, að formaður hefur hug á hitta ákv. stjórnarmálmennt og aðra er tengjast félaginu á næstunni.

4. Hugsanleg málaferli

Framhald fyrri umræðu um hugsanleg málferli þar sem látið verði reyna á lagastoð fyrir útfærslu eftirlaunagreiðslna. Óbein eignaupptaka lífeyris. Kallaðir verði til 2-3 aðilar utan frá, sem þekkja til sögunnar varðandi lífeyrissjóðina. Til þeirra viðræðna mæti einnig þeir stjórnarmenn, sem áhuga hafa, ásamt formanni, varaformanni, gjaldkera og framkvæmdastjóra. Jarðvegurinn verði þannig kannaður um hvað við viljum fara út í og með hverjum.

5. Viðræður við formann/framkv.stj. LEB

Formaður sagði frá fundi sínum með formanni/framkv.stjóra LEB s.l. föstudag og aftur fyrr um morguninn. Umræðu í framhaldinu um veru FEB í ELB og niðurstöðu aðalfundar um úrsögnina. Einnig sagt frá fyrirhuguðum fundi þeirra formanna, þar sem rætt verði um breytingar / lagfæringu á frítekjumörkum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 10.50.

Samþykkt;